

Ársskýrsla Bókasafns Grindavíkur fyrir árið 2012

Í lok árs sat eftirfarandi fólk í Frístunda- og menningarnefnd:

Aðalmenn:

Helena Bjarndís Bjarnadóttir,
formaður G
Lovísa Hilmarsdóttir G
Unnar Magnússon B
Jóna Rut Jónsdóttir D
Helga Kristjánsdóttir S

Varamenn:

Kristín María Birgisdóttir G
Helgi Þór Guðmundsson G
Björgvin Björgvinsson B
Ægir Viktorsson D
Páll Þorbjörnsson S

Til þess að ná sparnaðaráætlun fyrir safnið urðu breytingar á stöðuhlutfalli til lækkunar í mars og maí. Starfsmenn safnsins eru Margrét R. Gísladóttir, forstöðumaður (í 85% stöðu), Guðrún Erla Hákonardóttir (í 45% stöðu), Guðbjörg Ásgeirsdóttir (í 45% stöðu) og Dóra Dís Hjartardóttir (í 25% stöðu (Atvinna með stuðningi)).

Safnkostur og þjónusta (tölur frá fyrra ári í sviga)

Við árslok voru safngögn orðin 19.448 (18.821), sem skiptist í bækur, hljóðbækur, tímarit (um 2000), tölvugögn, DVD, (nokkur myndbönd enn eftir).

Nýskráð gögn voru 973 (895) og afskráð gögn voru 432 (234) (eldri tímarit, grisjun (og afskráð tvítök), ónýtt og glatað efni).

Afgreiðslutími bókasafnsins er frá kl. 11 til 18, mánudaga til föstudaga – alls 35 tímar á viku, lokað um helgar.

Með samstarfi safnanna á Suðurnesjum breiðkar úrvalið mikið fyrir alla lánþega þeirra. Bókasöfn landsins bjóða að auki, landsmönnum upp á sameiginlegu leitargáttina www.leitir.is. Þar er m.a. Hvar.is (www.hvar.is) innanborðs, sem fær mikinn fjölda heimsóknna eða alls 1.096.540 árið 2011 (tölur vegna 2012 ekki komnar). Þarna er hægt að ná í margs konar efni allan sólarhringinn, t.d. fræðigreinar í fullri lengd. Ef mbl.is er talið með bætist heldur betur við þessa tölu eða 4.039.430 heimsóknir/leitir á netinu, yfir allt landið.

Gjaldskrá hækkaði lítillega um áramót 2011-2012:

Bókasafn – gjaldskrá 2012		
Árgjald, 16-67 ára - (börn, öryrkjar og ellilífeyrisþ. fá frítt)		1.500
Leiga á DVD	(var 250)	260
Leiga á tungumálanámsk. (ísl.námsk. frítt!)	(var 250)	260
Leiga á margmiðlunarefni	(var 250)	260
Sekt á bækur, kr. dag		20
Sekt á CD		20
Sekt á DVD og margmiðlunarefni pr. dag.		50
Internet, fyrstu 15. mín		150
Internet 30 mín		250
Internet klst		400
Frátekt á bók kr/stk		50
Ljósrit A4		25
Ljósrit A3		50
Plöstudun	A5 á kr.50 – A4 á kr. 100 – A3 á kr 150	-----

Útlán (tölur frá fyrra ári í sviga)

Nokkuð hrap varð í útlánum annað árið í röð. Óvíst er um orsök, en raðbókin er að verða algengari. Höfundarréttur, tregða útgefenda og ýmislegt annað hefur orðið til þess að ekki hefur verið hægt að lána raðbækur út frá bókasöfnunum. Reyndar fækkar útlánum víðar.

Heildarútlán voru tæp 13.900 eintök, en voru um 14.700 í fyrra.

Útlán skiptast þannig:

- Bækur um 11.500 eintök (12400)
- Annað efni um 2400 (2300) (tímarit, hljóðbækur, myndir og tölvuefni)
- Millisafnalán samtals voru 13 alls – 10 beiðnir frá okkur og 3 til okkar.

Lánþegaskrá og komur gesta á safnið (tölur frá fyrra ári í sviga)

Áætlun um greidd árgjöld reyndist enn og aftur of há. Við lok árs voru lánþegar 507 (676), 279 (323) greiddu árgjald og 2 greiddu annars staðar. Mismunurinn er þá aðrir lánþegar – börn, unglingar, lífeyrisþegar eða skólar, sem ekki greiða árgjald. Kvenkyns lánþegar eru í meirihluti eða 399 og karlkyns lánþegar eru 108.

Vegna þess að lánþegar detta út af lánþegaskrá þegar skírteinin renna út, verður talning þeirra, milli ára og mánaða, nokkuð á reiki. Landskerfi hefur brugðist við þessu og gefur einnig upp meðaltal undanfarinna þriggja ára og voru virkir lánþegar okkar að meðaltali 825 (1021).

Samkvæmt talningu, sem gerð var átta sinnum yfir árið, viku í senn, hefur meðaltal gesta hækkað örlítið eða í rúml 195 á viku (193). Komur unglinga voru líkt og í fyrra eða 8 á viku, en komum barna fjölgar aftur, eða í 52 (49) á viku. Talið var í menningarvikunni vegna brúðusýningar sem safnið var með og komu rúmlega 800 gestir – sú tala er ekki höfð með við meðaltals-útreikninginn. Yfir allt árið komu því um 10.140+800 gestir á safnið (10.000).



Skólahópur í heimsókn frá Króki

Styrkir

Samstarf var áfram með Bókasöfnunum á Reykjaneskaga og Miðstöð símenntunar um fyrirlestraröð. Verkefnið var styrkt af Menningarráði Suðurnesja og dagskrá um menningararfinn var haldin á öllum 5 söfnunum.

Unnið var fyrir áður fengna styrki fyrir Ljósmyndasafn Grindavíkur á árinu.

Viðburðir

Vandaður bæklingur, um safnið, var borinn í hús í upphafi árs og þá auglýst um leið eftir áhugasömum lesendum í bókaklúbb eða bókasjall. Nokkrir lánþegar lýstu áhuga og hefur hópurinn hist mánaðarlega frá febrúar 2012, fyrir utan sumarfrí. Alltaf er hægt að bætast í hópinn.

Menningarvikan:



Margrét, Svanhvít, Kristín og Sólný Pálsdætur



Feðginin Arney Ingibjörg og Sigurbjörn Dagbjartsson

Í menningarvikunni í mars, gekkst bókasafnið fyrir grindvísku söng- og vísnaqvöldi, sem tókst með ágætum og þá viku (og út mars) var einnig brúðusýning Rúnu Gísladóttur, myndlistarkonu og kennara, á safninu.



Þriðjudaginn 17.apríl var haldið upp á Bókasafnsdaginn í annað sinn um land allt. Breytt var út af vananum á söfnunum þann dag og sitthvað til gamans gert, boðið upp á kaffi og ýmis slagorð um gæði almenningsbókasafna voru notuð, m.a. á bókamerki sem lánþegar fengu.

Sumarlestur var að venju frá miðjum júní og fram í ágúst, en uppskeruhátíðin fór fram 7.september. Tveir ungir lestrarhestar, þau Angela Steingrimsdóttir og Vignir Berg Pálsson, lásu upp úr uppáhalds bókum sínum.

Um 30 krakkar skráðu sig, en 23 þeirra skiluðu inn lesnum bókum. Alls voru lesnar 143 bækur, en lögð var áhersla á að lesa og njóta í stað þess að lesa mikið magn. Þátttaka var með allra minnsta móti í ár, þrátt fyrir breyttar áherslur.



Krakkarnir sem mættu á uppskeruhátíðina

Bókmenntakvöld var haldið 1 .nóvember, þá komu Hjálmar Sveinsson bókmenntafræðingur og Bergur Ebbi Benediktsson, uppistandari, með meiru. Þeir sögðu frá Elíasi Mar, skáldi og rithöfund. Dagskráin var hluti af samstarfsverkefni *Kynning á bókmenntaarfinum* sem almenningsbókasöfnin á Suðurnesjum standa fyrir og var styrkt af Menningarráði Suðurnesja.



Bergur Ebbi og Hjálmar Sveinsson

Forstöðumaður safnsins fór í „hálf-opinbera“ heimsókn til Penistone – vinabæjar Grindavíkur í Englandi... til að gera samning við almenningubókasafnið þar, um gagnkvæma kynningu vinabæjanna síðustu vikuna í nóvember ár hvert. Til staðfestingar var undirritað skjal þar um ☺ Nýlegt efni um/frá Penistone er nú til á safninu fyrir gesti að skoða.



Forstöðumenn beggja safna undirrita "samninginn"

Ljóðasamkeppni unga fólksins var haldin í haust á landsvísu, en lítil þátttaka var héðan og svo lágu Amnesty kortin frammi til undirskriftar í byrjun desember eins og undanfarin ár.

Bókmenntakvöld í samstarfi við Kaffihúsið Bryggjuna – bókakonfekt, var haldið 7. desember. Bókasafnið fékk rithöfundana Gerði Kristnýju, Ingibjörgu Reynisdóttur og Kristínu Steinsdóttur, sem lásu upp úr nýjum bókum sínum á Bryggjunni.



Myndir frá flestum viðburðum safnsins er að finna á Ljósmyndavef Grindavíkur:
<http://myndir.grindavik.is/> undir flokknum *Bókasafn*

Grindavík, 28. febrúar, 2013

Margrét R. Gísladóttir,
Forstöðumaður.